

Alþingi
Erindi nr. P 139/903
komudagur 10.12.2010



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld. (313. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á ýmsum ákvæðum um skatta og gjöld.

Viðskiptaráð Íslands hefur lagt mikla áherslu á skattamál í vinnu sinni undanfarin misseri enda eitt af þeim atriðum sem brýnust eru fyrir atvinnuuppgöggingu í landinu. Ráðið hefur gagnrýnt þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu undanfarið og lagt sérstaka áherslu á þá þættir sem eru til skaða fyrir atvinnulífið í landinu verði færðir til betri vegar. Með skýrslu sinni sem kom út september síðastliðinn, Skattkerfi atvinnulífsins, fjárfesting-átvinnna-lifskjör, lagði ráðið í samvinnu við SA fram fjölmargar tillögur að breytingum á ýmsum lögum um skatta sem komið hafa frá stjórnvöldum undanfarið ár. Ráðið vill leggja áherslu og ítreka þær tillögur sem koma fram í skýrslunni, en þær eru jafnframt reifaðar í umsögn SA við frumvarp þetta.

Breytingar í samræmi við hagsmuni atvinnulífsins

Af ofangreindri frumvarpi má greina að eitthvað tillit hefur verið tekið til þeirra atriða sem komu fram í ofangreindri skýrslu og verður að fagna því sérstaklega. Eru það einkum þrjú atriði hér ber að nefna og það eru breytingar á ákvæðum vegna gengishagnaðar á innlánsvoxtum, breytingar vegna tekjuskatts erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu og ákvæði vegna afskrifta af skuldum fyrirtækja. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessum ákvæðum eru að mörgu leyti í takt við vilja atvinnulífsins þó ganga hefði mátt talsvert lengra í sumum tilvikum.

Í 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um tekjfærslu á óinnleyustum gengishagnaði og heimild til að jafna saman gengishagnaði og gengistapi inn ársins. Í 13. gr. er mælt fyrir um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda lögaðila. Er þar farið að einhverju leyti eftir tillögu áðurnefndrar skýrslu VÍ og SA, en þó er ekki gengið jafn langt og mælst var til. Elnnig verður að fagna þátttöku ríkisins í skattalegri meðferð á eftirgjöf skulda sem er mikilvægt skref í átt að lausn skuldavanda fyrirtækja. Að lokum verður að fagna þeim breytingum sem 8. gr. hefur í för með sér fyrir skattlagningu erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu, þetta er skref í rétta átt þó framsetning tillagna í fyrrgreindri skýrslu hefðu verið af öðru meiði.

Gera þarf betur

Helstu athugasemdir Viðskiptaráðs snúa að þremur ákvæðum í frumvarpinu, þ.e. b. lið 13. gr., 29. gr. og 31. gr. Eins og önnur ákvæði laganna er 13. gr. þeirra hluti af aðgerðum sem rekja má til samstarfs stjórnvalda, fjármálfyrirtækja og hagsmunasamtaka um úrlausn á skuldavanda fyrirtækja og ber að fagna því. Þrátt fyrir það þá byrfti að mati undirritaðs að sniða af ákvæðinu ákveðna fingurbrjóta. Þar vísast helst til þess skilyrðis að fyrirtæki megi ekki vera samsköttuð á því tímabili sem eftirgjöfin er tekjfærð. Fjöldi fyrirtækja hérlandis eru samsköttuð og það af ýmsum ástæðum. Það að slíta samsköttun getur haft í för með sér verulegt fjárhagslegt óhagræði, en ekki er fjallað um ástæður

þess í greinargerð frumvarpsins að taka fyrir samsköttun á umræddu tímabili. Full ástæða er fyrir nefndina til að kalla eftir frekari rökum fyrir þessu skilyrði.

Í 29. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem felur í sér að lógaðilar geta sótt um frest til greiðsluuppgjörs á vanskilum vegna ýmissa opinberra gjalda, hafi þau gjaldfallið fyrir 1.1.2010. Að mati VÍ þyrfti hér að gera tvennis konar breytingar. Í fyrsta lagi ættu opinberir innheimtuaðilar að fá heimild til að fella hluta af þessum gjöldum niður á sömu forsendum og gildir um tekjuskatt, sbr. 31. gr. frumvarpsins, líkt og rætt er hér að neðan. Í annan stað þyrfti að færa tímamark gjalddagans til 1.1.2011, enda augljóst að fjöldi fyrirtækja hefur gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á þessu ári og eflaust einhver þeirra með skattaskuldum sem fallið hafa til eftir 1.1.2010 sem þarf að gera upp. Í öllu falli er ljóst að sú aðstoð sem felst í ákvæðinu er mun takmarkaðri ef þessar breytingar, og þá sérstaklega seinni breytingin, verða ekki gerðar.

Þær athugasemdir sem snúa að 31. gr. frumvarpsins varða einna helst þá hluta sem er ekki að finna í ákvæðinu. Ákvæðið mælir fyrir um heimild til niðurfellingar á tekjuskatti lógaðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1.1.2010. Heimildin er þannig tímabundin og ætlað að koma til móts við þann vanda sem rekstraraðilar standa frammi fyrir eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Heimildin nær eingöngu til vangoldins tekjuskatts en ekki til annarra opinberra gjalda eða skatta. Sú athugasemd sem er gerð við þetta ákvæði er eins og áður sagði við það sem er ekki í því. Tekjuskattur er aðeins hluti af þeim gjöldum og sköttum sem fyrirtæki ber að skila og í mörgum tilfellum er þetta ekki sá hluti sem er til mestra vandræða þegar um vanskil er að ræða. Eigi þetta ákvæði á ná því markmiði sem því er ætlað verður það að ná til annarra skatta og gjalda, sérstaklega vörluskatta, og þá til 1.1.2011 eins og rætt var að ofan, enda til lítils að fella niður tekjuskatt ef það eru önnur vanskil sem vilda því að fyrirtæki stefnir í þot.

Aðrar breytingar í ofangreindu frumvarpi

Í ofangreindu frumvarpi er að finna fjölbreyttar tillögur að breytingum á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Ekki verður séð að neitt samhengi né sérstakt þema sé í frumvarpinu né að allar þær breytingar sem lagðar eru til eigi nokkuð annað sameiginlegt en að varða einhvers konar skatta eða gjöld. Mun skilvirkara og gagnsærra hefði verið að setja ákvæðin fram í mismunandi frumvörpum þar sem fullljóst væri hvert efni hvers frumvarps væri.

EKKI verður til að mynda séð hvert samband milli ákvæða er varða skattalega meðferð eftirgjöf skulda fyrirtækja og ákvæðis um lækkun vörugjalda vegna metandrifinna ökutækja. Er þetta til að flækja og lengja frumvarp sem brýnt er að afgreiða með skilvirkum en hröðum hætti og mætti jafnvel álykta að betta sé gert til að lauma inn atriðum svo lítið beri á.

Eitt af þeim atriðum sem full ástæða hefði verið til að hafa í sérstöku frumvarpi en ekki hafa samhliða breytingum á lögum um tekjuskatt eða virðisaukaskatt eru þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Breytinga er þörf á lögunum en við meðferð þeirra fyrir Alþingi var ekki leitað álits hjá eftirlitsstofnun ESA, eins og skuldbindingar okkar gera ráð fyrir þegar kemur að hvers kyns aðgerðum sem geta falið í sér ríkisaðstoð, og höfðu því ekki fengið staðfestingu að þau væru í samræmi við reglur EFTA. Hluti þeirra laga sem samþykkt voru virðast ekki vera í samræmi við reglur um ríkis- og rekstraraðstoð fyrirtækja og af þeim sökum verður að gera breytingar í samræmi við það. Ofangreint frumvarp leggur til breytingar í þá veru að haldið verði inní lögunum þeim ákvæðum er varða skattalega ívílnun til nýsköpunarfyrirtækja en hins vegar verður felldir úr lögunum skattalegir hvatar til fyrirtækja og einstaklinga til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum. En ætlunin er að vinna frekar í þeim hluta frumvarpsins í samræmi við reglur um ríkis- og rekstraraðstoð.

Frekari tillögur til breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

Að öðru leyti vísast til umsagnar SA en þar eru raktar og áhersla lögð á helstu tillögur sem komu fram í ofangreindri skýrslu samtakanna og einnig vísast beint í skýrsluna sjálfa og eru nefndarmenn sérstaklega hvattir til að kynna sér efni hennar.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson

Aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs